**KJARASAMNINGUR**

**milli**

**Samtaka atvinnulífsins**

**og**

**Samiðnar - sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamninga aðildarfélaga Samiðnar og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti þeirra:

-Aðalkjarasamning Samiðnar f.h. aðildarfélaga í málmiðnaði, byggingariðnaði og skrúðgarðyrkju og Samtaka atvinnulífsins

-Kjarasamning Samiðnar f.h. aðildarfélaga í byggingariðnaði og Samtaka atvinnulífsins vegna meistarafélaga í byggingariðnaði innan Samtaka iðnaðarins

-Kjarasamning Samiðnar og Félags pípulagningameistara

-Kjarasamning Samiðnar og Bílgreinasambandsins

-Kjarasamning Byggiðnar og Samtaka atvinnulífsins vegna meistarafélaga í byggingariðnaði innan Samtaka iðnaðarins

-Kjarasamning SA og Félags iðn- og tæknigreina vegna snyrtifræðinga

-Kjarasamning SA og Félags iðn- og tæknigreina vegna hársnyrtisveina

**2. gr.**

### Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gilti frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

### Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

### Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

### Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

### Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið. Einingarverð í ákvæðisvinnu hækkar um 6,75%.

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

**Hagvaxtarauki 2023**

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

**3. gr.**

**Vinnutími samræmdur**

Samningsaðilar hafa á undanförnum árum unnið að vinnutímastyttingu iðnaðar- og tæknifólks og hafa tvö skref þegar verið tekin:

1. Á vinnustöðum hefur á grundvelli gr. 5.11. um styttingu vinnutíma verið samið um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma.
2. Þar sem ekki hafði verið gert samkomulag á grundvelli gr. 5.11. var starfsfólki heimilt að kjósa um styttingu virks vinnutíma á viku í 36 stundir og 15 mínútur (virkur vinnutími að jafnaði 7 klst. og 15 mín. á dag).

Samningsaðilar eru sammála um að einfalda vinnutímaákvæði kjarasamningsins og samræma. Frá og með 1. febrúar 2024 verður því vinnutími á viku samkvæmt kjarasamningi 36 virkar vinnustundir. Deilitala dagvinnutímakaups verður frá sama tíma 156.

**4. gr.**

**Afgreiðsla kjarasamnings**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga miðvikudaginn 21. desember 2022.

Reykjavík, 12. desember 2022

F.h. Samiðnar og aðildarfélaga

F.h. Samtaka atvinnulífsins

**Fylgiskjal**

Verkáætlun

Með framlengingu Lífskjarasamningsins til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Fyrsti fundur hvers hóps verði boðaður í húsakynnum ríkissáttasemjara þar sem vinna hópsins verður skipulögð, metið verði umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkáætlun.

Hvor aðili getur óskað eftir liðsinni ríkissáttasemjara við fundarstjórn, ef þörf er á.

| Verkefni | Verkefni hefst | Verkefni lýkur |
|---|---|---|
| Kjarasamningur fyrir tæknigreinar | Er hafið | Október 2023 |
| Vinna við bókanir, einföldun og samræming | Er hafið | Nóvember 2023 |
| Vinnutími, sveigjanleiki, fjarvinna og réttur til að aftengjast | 7. mars 2023 | Desember 2023 |
| Vaktavinna | 7. febrúar 2023 | Desember 2023 |
| Ákvæðisvinna | 14. febrúar 2023 | Júní 2023 |
| Önnur mál (veikindi, iðnnemar, launakerfi, verkefnaráðningar, flutningslína o.fl. ) | 14. mars 2023 | Desember 2023 |

**Kjarasamningur SA og Samiðnar vegna byggingamanna, málmiðnaðarmanna, múrara, pípara og skrúðgarðyrkjumanna**

**Kauptaxtar á samningstímabilinu**

**Launaflokkur 1. Iðnaðarmenn með sveinspróf eða sambærilega**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun | 536.256 |
| Eftir 1 ár | 541.619 |
| Eftir 3 ár | 547.035 |

**A.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi. Iðnaðarmaður með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfinu**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Grunnlaun | 558.399 |

**Iðn- og vélfræðingar**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun | 578.889 |
| Eftir 1 ár | 584.678 |
| Eftir 3 ár | 590.525 |

**Launaflokkur 2.**
**Iðnaðarmenn án sveinsprófs**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun | 482.630 |
| Eftir 1 ár | 487.456 |

**Sérhæfðir aðstoðarmenn í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu í iðngreininni**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun | 414.036 |
| Eftir 1 ár | 418.176 |
| Eftir 3 ár | 424.449 |
| Eftir 5 ár í sama ft. | 432.938 |

**Starfsþjálfunarnemar**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Fyrstu 12 vikurnar | 378.746 |
| Næstu 12 vikur | 390.952 |
| Eftir 24 vikur | 403.759 |

**Kjarasamningur SA og FIT v. hársnyrtisveina**

**Kauptaxtar á samningstímabilinu**

### Hársnyrtir með sveinspróf eða sambærilega menntun

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun | 536.256 |
| Eftir 1 ár | 541.619 |
| Eftir 3 ár | 547.035 |

### Hársnyrtir með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Grunnlaun | 558.399 |

### Launaflokkur 2. Hársnyrtir án sveinsprófs

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun | 482.630 |
| Eftir 1 ár | 487.456 |

### Iðnnemar í hársnyrtigreinum
### Fjögurra ára iðnnám, laun fyrir unninn tíma

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Fyrstu 12 vikurnar | 348.274 |
| Næstu 12 vikur | 364.967 |
| Eftir 24 vikur | 385.036 |

**Kjarasamningur SA og FIT v. snyrtifræðinga**

**Kauptaxtar á samningstímabilinu**

## Launaflokkur 1. Snyrtifræðingur með sveinspróf

| | 1.11.2022 |
|---|---|
| Byrjunarlaun | 536.256 |
| Eftir 1 ár | 541.619 |
| Eftir 3 ár | 547.035 |

## Snyrtifræðingur með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi

| | 1.11.2022 |
|---|---|
| Grunnlaun | 558.399 |

## Iðnnemar
## Fjögurra ára iðnnám, laun fyrir unninn tíma

| | 1.11.2022 |
|---|---|
| Fyrstu 12 vikurnar | 348.274 |
| Næstu 12 vikur | 364.967 |
| Eftir 24 vikur | 385.036 |

**Launatöflur Samiðnar vegna aðildarfélaga í byggingariðnaði og Byggiðnar annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar vegna meistarafélaga í byggingariðnaði innan Samtaka iðnaðarins**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| **Sveinar** | |
| Byrjunarlaun | 542.704 |
| E. 3 ár | 553.558 |
| | |
| Lágmarkstaxti í viðgerðarvinnu | 561.347 |
| Lágmarkstaxti starfsm. með faglega ábyrgð eða meistarapróf eða tvö sveinsbréf sem nýtast í starfi | 565.060 |
| | |
| | 563.049 |
| | 573.805 |
| | 584.932 |
| | 596.445 |
| | 608.357 |
| | 620.679 |
| | 633.093 |

**Kjarasamningur Samiðnar og Bílgreinasambandsins**

**Kauptaxtar á samningstímabilinu**

| **BGS** | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun sveins | 561.954 |
| E. 1 ár í starfsgr. | 577.767 |
| E. 3 ár í starfsgr. | 585.240 |
| E. 5 ár í starfsgr. | 598.050 |
| | |
| 2 sveinsbr., verkstj. II o.fl. | 608.117 |
| Aðstoðarverkstjóri o.fl. | 624.439 |
| Verkstjóri 1 | 635.205 |
| | |
| Launaflokkur 2 | 488.761 |
| | |
| **Iðnnemar** | |
| Fyrstu 12 vikurnar | 404.070 |
| Næstu 12 vikur | 419.592 |
| Eftir 24 vikur | 435.109 |

**Kjarasamningur Samiðnar og Félags pípulagningameistara**

**Kauptaxtar á samningstímabilinu**

| | **1.11.2022** |
|---|---|
| Byrjunarlaun sveins | 590.344 |
| E. 1 ár í starfsgr. | 601.148 |
| E. 3 ár í starfsgr. | 612.221 |
| E. 5 ár í starfsgr. | 623.572 |
| E. 7 ár í starfsgr. | 635.205 |
| | |
| 2 sveinsbr., verkstj. II o.fl. | 647.131 |
| Aðstoðarverkstjóri o.fl. | 656.739 |
| Verkstjóri 1 | 667.414 |
| | 678.089 |
| | 688.764 |
| | |
| Launaflokkur 2 | 490.557 |
| | |
| **Iðnnemar** | |
| Fyrstu 12 vikurnar | 406.818 |
| Næstu 12 vikur | 421.573 |
| Eftir 24 vikur | 436.325 |